

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



<b>Dags eftirlits</b>	24.5.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sameinað Sílikon hf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 9	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	6602141190	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristleifur Andrésón	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna fjölda ábendinga frá því ofn verksmiðjunnar var gangsettur sunnudaginn 21. maí. Ekkert afl var á straumi verksmiðjunnar við komu en viðgerð vegna skautbrots þann 23.maí stóð ennþá yfir.

### UMFANG EFTIRLITS

Í byrjun eftirlits var farið að Helguvík. Talað var við starfsmenn fyrirtækis í grennd við verksmiðjuna og rætt um lyktarmengun seinustu daga. Norðvestan megin við verksmiðjuna fannst greinileg lykt en hún olli ekki ertingu né sviða hjá eftirlitsaðilum á meðan á eftirlitinu stóð. Að sögn starfsmanna fyrirtækis staðsett norðvestan megin við verksmiðjuna var heldur verri lykt daginn áður en þá fundu margir starfsmenn til líkamlegra einkenna s.s. sviða í hálsi og ertingu í augum, ógleði ásamt því sem einn starfsmaður hafi kastað upp. Einnig var rætt við starfsmenn hjá öðru fyrirtæki norðan megin við verksmiðjuna en þar höfðu starfsmenn ekki fundið lykt seinustu daga og fundu eftirlitsmenn heldur enga lykt frá verksmiðjunni á því svæði.

Því næst var talað við stjórnanda öryggis- og umhverfismála hjá United Silicon og rætt um lyktarmengun seinustu daga ásamt almennum rekstri ofnsins frá gangsetningu. Daginn áður, þann 23.maí hafði eitthvað af "electrode paste" lekið niður í ofninn í blautu skautbroti og hefur ofninn ekki verið í gangi síðan þá. Skautbrot á sama skauti hafði átt sér stað aðfaranótt 23.maí sl.

Rætt var við fulltrúa frá Multiconsult varðandi þær úrbætur sem þeir höfðu ráðlagt og hversu langan tíma það gæti tekið að ná réttum hita á afsogi. Talað var um að allt að 10 tímar væri eðlilegur tími en eftir svo langt stopp gæti það tekið um 20-24 tíma.

### ANNAÐ

Rætt var við Kristleif Andrésón hjá Sameinuðu Sílikoni og Per Rønning fulltrúa Multiconsult á staðnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.07.2017

  
Einar Halldórsson